



## 15. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 27. nóvember 2020 í Reykjavík fjarfundur.

---

**Mætt eru:** Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GP), Gissur Jónsson (GJ), Lárus B. Lárusson (LBL), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

**Forföll boðuðu:** Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK).

1. Fundur settur kl. 16:01
2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.  
AIP gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
3. Fundargerðir lagðar fram til kynningar
  - 21. - 23. framkvæmdastjórnarfundargerðir.
  - 3. fundargerð Fræðslu- og verkefnasjóðs.
  - 13. fundargerð framkvæmdanefndar ULM 2020.
4. Stuðningur yfirvalda til ungmenna- og íþróttafélaga vegna Covid-19.
  - Farið var yfir væntanlegan stuðning yfirvalda við æskulýðs- og íþróttastarf. Framkvæmdastjórn falið að fylgja málinu eftir og komu upplýsingum út til hreyfingarinnar.
5. Fjármál - 10 mánaða uppgjör
  - Yfirlit rekstrar jan – okt 2020 lagt fram til kynningar. Samþykkt að gjaldfæra vegna aukasambandsráðsfundar og hluta kostnaðar vegna sambandsþings 2021, á árinu 2020. Frekari úrvinnsla vísað til framkvæmdastjórnar, sem jafnframt er heimilað að greiða inn á langtímaskuldir ef aðstæður leyfa.
6. Skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði.
  - Framkvæmdastjórn heimilað að ganga til viðræðna við Húnaþing vestra um mögulega aðkomu UMFÍ að rekstri búðanna og tækifæri til framtíðar.
7. Upplýsingagjöf
  - Ungmennabúðir á Laugarvatni.
  - Samvinna UMFÍ – ÍSÍ, lýðheilsuverkefni.
    - Verkefnið kynnt fyrir stjórn. Stjórn bíður eftir tillögum vinnuhópsins.
  - Samtal UMFÍ og ÍSÍ um breytingar á skiptingu lottófjármagns.
    - Minnisblað um viðræður lagt fram. Málið verður unnið áfram og lagt fram á aukasambandsráðsfundi 2021.

8. Tillögur og erindi sem borist hafa.

- Bréf frá HSK varðandi ULM.
  - Samningur um ULM - vísað til framkvæmdastjóra til afgreiðslu.
  - Ósk um tímabundna undanþágu frá reglugerð um aldur keppenda, þ.e. að 19 ára keppendur megi taka þátt í mótinu, þar sem þau hafi í raun misst af sínu síðasta unglíngalandsmóti þegar því var frestað um eitt ár sumarið 2020. - Stjórn samþykkir að veita þessa undanþágu frá gildandi reglugerð um Unglíngalandsmót.

HE vék af fundi kl. 18:30

- Tillaga GS og LBL að nýrri reglugerð um veitingu Hvatningarverðlauna UMFÍ lögð fram og samþykkt með breytingum. Framkvæmdastjóra falið að kynna málið innan hreyfingarinnar.

Næsti reglubundni fundur er áætlaður 8. janúar 2021.

SÓJ ritaði fundargerð.  
Fundu slitið kl. 19:20